

Bæjarráð - FW: Til umsagnar 40. mál frá nefndasviði Alþingis

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir;alj;Daniel Jakobsson, contact;Marzellíus Sveinbjörnsson
Heiti : Bæjarráð - FW: Til umsagnar 40. mál frá nefndasviði Alþingis
Málsnúmer : 2017020032
Málsaðili : Alþingi
Skráð dags : 22.12.2017 12:37:22
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

From: Guðjón Bragason [mailto:guðjon.bragason@samband.is]

Sent: 22. desember 2017 12:33

Cc: Karl Björnsson ; Helga Guðrún Jónasdóttir ; Anna G. Björnsdóttir ; Valur Rafn Halldórsson

Subject: Til umsagnar 40. mál frá nefndasviði Alþingis

Til framkvæmdastjóra allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Allar sveitarstjórnir eiga að hafa fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Um er að ræða þingmannafrumvarp sem fimmtán þingmenn úr öllum þingflokkum skrifa undir. Þessi fjöldi flutningsmanna gefur til kynna að málið kunnir að fá töluverða athygli á vörþingi og því sé tilefni til þess að Samband íslenskra sveitarfélaga og einstök sveitarfélög veiti um það umsagnir.

Umsagnarfrestur er til 19. janúar en undirritaður væntir þess að sambandið óski eftir lengri umsagnarfresti til þess að unnt verði að leggja málið fyrir næsta stjórnarfund, sem verður haldinn 26. janúar nk. Afar gagnlegt væri, til undirbúnings fyrir þá umfjöllun, að fá viðbrögð frá sveitarstjórnnum og einstökum sveitarstjórnarmönnum um afstöðu þeirra til málsins.

Greinargerð með frumvarpinu er nokkuð ítarleg og gefur til kynna að þróunin erlendis hefur verið í þá átt að lækka kosningaraldurinn. M.a. kemur fram að í Eistlandi og á Möltu er 16 ára aldurstakmark í sveitarstjórnarkosningum. Fleiri dæmi eru nefnd og m.a. kemur fram að í Noregi hafi farið fram tilraunarverkefni í 20 sveitarfélögum þar sem kosningaraldur var 16 ár.

Að áliti undirritaðs er mikilvægt að farið verði vandlega yfir málið og skoðuð rök með og á móti tillögunni. Jafnframt þarf að hafa í huga að kosningarrétti fylgir kjörgengi til þess að taka sæti í sveitarstjórn.

Mjög líklegt er að á facebook síðu sambandsins verði stofnaður umræðuþráður um málið eftir jólin og er ástæða til þess að hvetja sveitarstjórnarmenn til þess að taka þátt í þeirri umræðu.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

From: sigrunhelga@althingi.is

Sent: 21.12.2017 17:32:12

To:

Subject: Til umsagnar 40. mál frá nefndasviði Alþingis

[21. desember 2017](#)

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 40. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 19. janúar á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0040.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis